

Fundargerð
246. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs
Þriðjudaginn 9. janúar 2018 kl. 12¹⁵ – 13⁵⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður
Bryndís Skúladóttir (BS)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HPH)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Frumvarp um markaðar tekjur
- (3) Plastumbúðir
- (4) Breytingar á endurgjaldi og flutningsjöfnun
- (5) Endurvinnsla á notaðri steikingarolíu og feiti
- (6) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar ([245 fundar](#)).

Samþykkt

2. Frumvarp um markaðar tekjur

Lögð var fram a fundinum staðfesting frá UAR um að greinar 36 og 37 um úrvinnslugjald í endurskoðuðu frumvarpi um markaða tekjustofna sem UAR fíkk 27.12.2017 hafa verið teknar út og að málið bíði úrlausnar seinna. Stjórnin ræddi næstu skref. Rætt var um „bundið eigið fé“, þ.e. hvað verður um það? ÓK falið að óska eftir fundi með ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis.

3. Plastumbúðir

ÓK fór yfir að eins komið hefur fram á stjórnarfundum og á ársfundi sjóðsins í desember sl. þá eru miklir erfiðleikar á mörkuðum fyrir plastumbúðir er fara til flokkunar og endurvinnslu og endursöluverð hafur fallið tölvert. Starfsmenn Úrvinnslusjóðs hafa fundað með þjónustuaðilum, farið yfir stöðuna og rætt mögulega aðkomu Úrvinnslusjóðs að málinu. ÓK fór yfir stöðuna og tillögur um breytingar á fyrirkomulagi sem felast m.a. í nýjum ráðstöfunarflokkum fyrir plast. Stjórnamenn ræddu um að senda hluta af plastinu til orkunýtingar í útlöndum, vegna þeirrar stöðu sem komin er upp á heimsmarkaði við meðhöndlun á litaðri plastfilmu. Ekki er aðstaða til orkuvinnslu á Íslandi. Áætlað er að um 70% af innsöfnuðum úrgangi frá plastumbúðum muni fara til endurvinnslu en um 30% fari í orkunýtingu.

Vegna aðstæðna á mörkuðum með úrgangsplast samþykkir stjórn tímabundið að leyfa orkunýtingu á úrgangi frá plastumbúðum og greiða þjónustuaðilum samkvæmt gjaldskrá Úrvinnslusjóðs.

LG B JH

Stjórnarmenn lýstu yfir áhyggjum af kynningu til almennings ef að leyfa á orkunýtingu á plasti. Ekki er víst að allir muni sýna breyttum aðstæðum á mörkuðum skilning.

4. Breytingar á endurgjaldi og flutningagjöldum

ÓK fór yfir á fundinum óskir og lagði fram erindi frá Pure North Recycling.

Stjórn óskar eftir að starfsmenn Úrvinnslusjóðs ræði við forsvarsmenn Pure North Recycling. Umræðu frestað.

Lögð var fram á fundinum gjaldskrá Kölku fyrir brennslu á spilliefnum sem tók gildi 1.1.2018. Gjald fyrir brennslu spilliefna hefur hækkað um ca. 5% frá því síðasta gjaldskrá Kölku var gefin út 1.7.2017.

Farið var yfir á fundinum að frá þjónustuaðilum hefur komið fram ósk um hækkun á flutningagreiðslum Úrvinnslusjóðs vegna hækkana á eldsneyti, launum og hærri gjalda við útflutning frá höfnum á landsbyggðinni.

Einnig var farið fram á hækkun endurgjalds vegna meðhöndlunar á úrgangi frá plastumbúðum. ÓK fór yfir forsendur um breytingar á endurgjaldi á plasti sem mun leiða til hækkunar. Stjórn ræddi stöðuna.

5. Endurvinnsla steikingarolíu og feiti

Lagt var fram á fundinum erindi frá Orkey til stjórnar Úrvinnslusjóðs um úrvinnslugjald matarolíu til að tryggja hagræn skilyrði fyrir söfnun og endurvinnslu á notaðri steikingarolíu. Umræðu frestað.

6. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur ákveðinn 23. janúar 2017.

Fundi slitið kl. 13.50

Björnur Guðlaugsson
Björnur Guðlaugsson
Guðlaugur Þórhelinur
G. Jóhannesson
Guðlaugur Guðlaugsson